



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 28. maí 2020

USK2019070054

5.0

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins - Leiguskápar fyrir reiðhjól.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs var eftirfarandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska eftir því að skoðað verði að kaupa leiguskápa fyrir reiðhjól sem hægt er að staðsetja á fjölförnum stöðum. Líkt og við sundlaugar, í bílastæðahúsum og við Nauthólsvík. Við höfum nú þegar ráðist í miklar framkvæmdir til þess að efla hjólreiðar í borginni. Læstir leiguskápar fyrir reiðhjól er hægt að finna víða í löndum í kringum okkur og myndu verða góð viðbót við þá þjónustu sem við veitum þeim fjölmörgu sem velja það að nýta sér hjólreiðar sem ferðamáta í Reykjavík.

Lagt er til að fjallað verði sérstaklega um þessi mál í stýrihópi um Hjólreiðaaætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025. Taka þar til úrvinnslu og umfjöllunar hvort og með hvaða hætti Reykjavíkurborg standi að uppsetningu leiguskápa fyrir reiðhjól til að staðsetja á fjölförnum stöðum.

Í kjölfar tilraunarverkefnis Reykjavíkurborgar *Rafhjól til láns*, var í nóvember 2019 gefin út skýrsla, unnin upp úr könnun sem framkvæmd var fyrir og eftir lánstíma rafhjólanna. Í könnuninni voru þátttakendur beðnir um að svara ýmsum spurningum um hjól sem samgöngumáta. Niðurstöður könnunarinnar eftir lánstímabilið, gáfu til kynna að skortur á góðum og öruggum hjólastæðum væri lítil hindrun fyrir hjólreiðar en einungis 15,7% svarenda töldu þann þátt hindra þá frá því að hjóla til og frá vinnu. Rétt er þó að taka fram að nokkur munur er á afstöðu kynjanna til þessa þáttar, þar sem 26,2% kvenna töldu skort á góðum og öruggum stæðum vera hindrun en einungis 4,9% karla.

Til samanburðar má benda á að um 53% þátttakenda töldu það vera hindrun, að geta ekki treyst því að búið væri að hálkuverja eða ryðja snjó. Frekari niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu borgarinnar: <https://reykjavik.is/frettir/rafhjol-breyttu-ferdahegdu>

Vakin er athygli á því, að þó tillaga þessi snúi að kaupum á leiguskápum mun óhjákvæmilega fylgja slíkum skápum nokkur rekstrarkostnaður til framtíðar, t.a.m. vegna þrifa og viðgerða. Sambærilegur rekstur, svo sem hjólaleigur, rafhlaupahjólaleigur og deilibílaleigur í borginni er nú í höndum einkaaðila.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri